

Ársskýrsla 2009-2010



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS

Ljóstæknifélag Íslands í mars 2010

Umbrot og útlit: Hönnunarhúsið ehf.

Ljósmynd á forsíðu: Guðni Gíslason – Tunglið, stór endurkastlampi



Frá aðalfundi LFÍ 2009

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2009-2010

Aðalfundur

Aðalfundur Ljóstæknifélagsins árið 2009 var haldinn í sal Landsnets v/Bústaðarveg 25. mars og hófst hann kl. 16.00.

Daði Ágústsson, formaður bauð fundarmenn velkomna setti fundinn og stakk upp á Ólafi S. Björnssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Einnig var stungið upp á Jóni Ísakssyni Guðmann sem fundarritara og var það samþykkt.

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum stjórnarinnar og áherslum félagsins á komandi ári. Skýrslu stjórnar var dreift á fundinum.

Fundarmenn fengu í hendur afrit af ársreikningum fyrir árið 2008. Jón Stefán Einarsson gjaldkeri flutti skýrslu gjaldkera. Fram kom að tekjur ársins 2008 voru svipaðar og árið 2007 en kostnaður var orðinn talsvert meiri en 2007. Mestu munaði þar um erlent samstarf m.a. þátttöku á Nordlys í Helsinki og stjórnarfundum Nordlys.

Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og reikninga. Voru reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

Formaður kynnti starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 og mælti fyrir um óbreytt félagsgjald. Hvorutveggja var samþykkt samhljóða.



Daði Ágústsson formaður í ræðustól.

Kosningar

Samkvæmt lögum félagsins skal á hverju ári kjósa tvo stjórnarmenn beint og einn tilnefndan af aðildarfélögum, alla til 2ja ára. Á sléttu ártali skal auk þess kjósa formann til 2ja ára. Jafnframt skal á hverju ári kjósa félagi í kjörnefnd og einn endurskoðanda, báða til þriggja ára.

Fundarstjóri las upp niðurstöður kjörnefndar sem lagði til að eftirtaldir yrðu í stjórn og öðrum embættum félagsins.

Kjörnefndin lagði til eftirfarandi:

Jón Stefán Einarsson verði endurkjörinn stjórnarmaður til tveggja ára.

Jens Þórisson verði endurkjörinn stjórnarmaður til tveggja ára.

Eiríkur Bogason verði endurkjörinn stjórnarmaður til tveggja ára.

Egill S. Ingibergsson verði kjörinn kjörnefndarmaður til þriggja ára.

Guðjón L. Sigurðsson verði kjörinn varaendurskoðandi til þriggja ára.

Elís Jónsson verði kjörinn stjórnarmaður til eins árs en Hilmar Jónsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en hann átti eftir eitt ár samkvæmt reglum kjörnefndar.

Guðjón L. Sigurðsson bar upp tillögu um að Kristján Kristjánsson, starfsmaður hjá Lumex yrði kosinn í stað Eiríks Bogasonar.

Eiríkur hvatti fundarmenn til að kjósa Kristján og lýsti ánægju sinni með að ungt og duglegt fólk sæktist eftir stjórnarsetu í félaginu. Hann þakkaði samstarfið á liðnum árum.

Tillögur kjörnefndar voru samþykktar með framangreindri breytingu.

Kjörnefnd 2009-2010:

Egill Skúli Ingibergsson, kjörinn 2009
Víðir Kristjánsson, kjörinn 2008
Þorvaldur Finnbogason, kjörinn 2007

Endurskoðendur 2009-2010:

Hreinn Jónasson kjörinn 2008
Eiríkur Briem, kjörinn 2007
Til vara Guðjón L. Sigurðsson, kjörinn 2009

Önnur mál:

Ágætar almennar umræður voru á fundinum og var m.a. kynnt hugmynd um endurskoðun á flokkun félagsgjalda í kjölfar sameininga orkufyrirtækja og verkfræðistofa.

Guðjón L. Sigurðsson sagði frá lýsingarráðstefnu í Berlín. Einnig ræddi hann um stöðu nema í lýsingarhönnun og nýútskrifaðra lýsingarhönnuða. Hann taldi að félagið þyrfti að taka meira tillit til þessara aðila og lagði fram tillögu þess efnis. Var hún samþykkt.

Guðni Gíslason taldi sig ekki sjá neitt í lögnum sem hindri aðkomu nemenda og nýútskrifaðra lýsingarhönnuða í stjórn félagsins. Hann lagði til að lögin yrðu endurskoðuð í heild sinni. Var það samþykkt.

Laganefndin var skipuð á fyrsta stjórnarfund, 22. apríl 2009:

Ólafur S. Björnsson formaður, Guðjón L. Sigurðsson, Guðmundur Helgi Pétursson og Kristján Kristjánsson. Síðar kom Elís Jónsson í nefndina.

Nefndin lagði engar tillögur fyrir stjórnina á starfsárinu.

Aðalfundurinn var vel sóttur en alls mættu 48 félagar.

Fundargerð aðalfundar má finna á heimasíðu félagsins, www.ljosfelag.is

Eftir að aðalfundi hafði verið slitið var boðið uppá glæsilegar veitingar í boði Landsnets.



Kvenfólki fjölgar í félaginu.



Þjóðlegar góðar veitingar.

Fyrirlestur um ljósvista:

Að loknum veitingum var fyrirlestur í boði Fálkans og Aldabra og fjallaði hann um kosti ljósvista og rétt val á ljósvistum. Þá var kynning á nýjum stjórnbúnaði frá Aldabra, dimmanlegum með straumtakmörkunum og stjórnað af DMX kerfi, kynning á nýjum vörum og sýndar nokkrar lausnir auk þess sem sýnd var notkun á DMX hugbúnaði.



Geert Buch

Fyrirlesari var Geert Buch frá Aldabra. Erindið var flutt á ensku. Fyrirlesturinn var mjög athyglisverður og sýnir okkur að LED er óðum að taka yfir hefðbundna lýsingu.

Fundargestir voru mjög áhugasamir

Stjórn

Stjórn félagsins starfsárið 2009-2010 var því þannig skipuð eftir að stjórnin hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundir:

Daði Ágústsson formaður
Elís Jónsson varaformaður
Jón Stefán Einarsson gjaldkeri
Jón Ísaksson Guðmann ritari
Kristján Kristjánsson ritstjórnarfulltrúi
Holger G. Gíslason meðstjórnandi
Jens Þórisson meðstjórnandi



Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 7 stjórnarfundir á starfsárinu í nýjum húsakynnum félagsins. Guðni Gíslason sem sér um skrifstofurekstur fyrir félagið sat einnig stjórnarfundina.

Helstu mál stjórnar voru:

- Skipuð laganefnd.
- Rit um vinnustaðalýsingu utanhúss gefið út á árinu.
- Vöruþróunarverkefni um hönnun á lampa með ljósvistum.
- Vegleg sýning á ljósvistaverkefnunum í samvinnu við OR, sýningin var haldin í húsakynnum OR.
- Danska ritinu Lyskilder i boligen var dreift á alla félagsmenn.
- Ákveðið að taka þátt í norrænni ljósabók. Velja verk í hana.
- Enda starfsárið með veglegum Ljósadegi.
- Endurskoðun heimasíðunnar.
- Haldin voru nokkur fræðsluerindi.
- Styðja við Guerilla Lighting Ísland og menntun lýsingarhönnuða.
- Gera átak í sölu ritanna.

Félagar

Í lok starfsársins voru félagar 247, tveir heiðursfélagar, 37 fyrirtæki og stofnanir, 186 einstaklingar, þar af 10 gjaldfrjálsir og 22 nemendur. Fjölgað hefur á milli ára um 11 einstaklinga en ein stofnun datt út vegna sameininga.

Skrifstofustarf

Samningur er í gildi við Hönnunarhúsið ehf., Guðna Gíslason, um starf fyrir félagið. Starfið felst í umsjón með félagatali og innheimtu, uppfærslu á heimasíðu, uppsetningu og útsendingu fundarboða, uppsetningu ársreiknings og aðstoð við sölu á ritum félagsins.

Nýtt húsnæði

Félagið tók á leigu 18 m² skrifstofuhúsnæði að Bæjarhrauni 2 frá 1. apríl 2009. Mörg ár eru síðan félagið hafði eigin aðstöðu en það var síðast í Háskóla Íslands í formannstíð Gísla

Jónssonar þar sem hann rak ljóstæknistofu. Síðan hefur félagið verið á hrakhólum og missti nær allar eigur sínar er hreinsað var út í húsnæðinu í Háskólanum.

Metnaðarfullar hugmyndir voru uppi um að setja upp hátæknilýsingu í herbergið til að sýna ýmsa möguleika en þær hugmyndir hafa fjarað út. Auglýst var eftir húsgögnum en eftir nokkra bið samdi formaður við verkfræðistofuna Mannvit um að láta í té fundarborð, 6 stóla og hillueiningu. Er fyrirtækinu færðar bestu þakkir fyrir.



Nú er félagið komið með ágæta aðstöðu til að geyma útkomin rit, norræn tímarit sem berast og önnur gögn. Þá nýtist húsnæðið vel til fundarhalda og á stjórnarfundum nýtist skrifstofa Hönnunarhússins til útprentana og fl.

Fræðslufundir og fyrirlestrar

23. mars 2009 - Ljóstvistar

Að loknum aðalfundi 2009 var fyrirlestur í boði Fálkans og Aldabra og fjallaði hann um kosti ljósvista og rétt val á ljósvistum eins og kemur fram fyrr hér í skýrslunni. Fyrirlesari var Geert Buch frá Aldabra.

16. apríl 2009 – Morgunverðarfundur FLR og SART

Formaður flutti erindi á morgunverðarfundum samtakanna.



2. júlí 2009 – Er vistvænt að banna glóperuna:

Kevin Shaw lýsingarhönnuður og meðlimur í International Association of Lighting Designers og Professional Lighting Design Association, sem eru alþjóðleg fagsamtök lýsingarhönnuða, var fyrirlesari. Hann er einnig formaður nefndar PLDA um vistvæna lýsingarhönnun og var boðið til landsins sem fyrirlesara til að taka þátt í opnum fundi um framtíð glóperunnar og bann Evrópusambandsins á notkun hennar. Fundurinn var haldinn fyrirlestrarsal OR. Þátttaka var mjög góð og voru pallborðsumræður í lok fundar.

Fundað var með samgöngu- og iðnaðarráðuneytinu með Kevin. Ekki höfðu ráðuneytin mikinn áhuga á málefnum.

13. október 2009 – Málþing um ljósgæði og lífsgæði:

Verkfræðistofan Verkís stóð fyrir málþingi um ljósgæði/lífsgæði. LFÍ var boðið sérstaklega til þátttöku.

Alþjóðlegir fyrirlesarar miðluðu nýjum rannsóknum og þeim möguleikum sem við höfum á því að bæta umhverfi okkar og vellíðan með birtu.

Fyrirlesarar voru: Dr. George Brainard taugalæknir og sérstakur ráðgjafi NASA – National Space Biomedical Research Institute við þróun mótvægisáðgerða við heilsufarsbreytingum geimfara.

Merete Madesen dagsbirtuarkitekt.

Kevin Shaw lýsingarhönnuður og formaður nefndar um sjálfbærni PLDA – Alþjóðasamtaka lýsingarhönnuða.

Martin Lupton frá Guerilla Lighting og formaður PLDA.

Sérstaklega má benda á erindi dr. George um þriðju skynjun ljóssins.

Erindin er hægt að lesa á síðunni www.verkis.is/malthing

28. október 2009 – Ráðstefna um sparnað í raforkukaupum:

Ráðstefna var haldin um sparnað í raforkukaupum. Formaður flutti þar erindi sem vakti mikla athygli. Fundinn sóttu yfir 400 manns og var honum varpað með skjávarpa um flestar stofnanir um allt land.



Haut 2009 – Guerilla Lighting

Samtökin voru stofnuð hér á landi síðasta haust. Þetta eru lokuð alþjóðasamtök sem voru stofnuð í London fyrir 5 árum. Tilgangurinn er að vekja athygli á lélegri

eða ónógri lýsingu. Félagið hefur verið að fjárfesta í luktum til nota við að lýsa upp mannvirki og fl. og óskaði eftir styrk frá LFÍ. Félagið veitti 50.000 kr. styrk á árinu 2010.

Hópurinn lýsti upp m.a. Háskóla Ísland, Landakotskirkju og fl. auk þess sem lýst var upp á nokkrum stöðum í Laugardalnum. Eftir hvern atburð er afraskturinn skoðaður á myndum.



Vöruþróunarverkefni um ljóstvista

Orkuveita Reykjavíkur auglýsti á síðasta ári eftir umsóknum um styrki til mannúðar- og samfélagsmála.

Ljóstæknifélagið sótti um 2.400.000 kr. styrk með það að markmiði að auka áhuga á og styðja við hönnun og þróun á ljóskeri með ljóstvistum til innlendrar framleiðslu. Einnig samþykkti lðnaðarmannafélag Reykjavíkur aðalfundi sínum að veita jafnan styrk á við OR. Formaður félagsins var þessu mótfalinn og var styrkveitingin sett í nefnd og er þar enn.

Orkuveitan ákvað að veita kr. 1.000.000 í verkefnið en mikill niðurskurður var vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Efnt var til hönnunarsamkeppni um ljósker með ljóstvistum og var verkefnið unnið í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.

Markmiðið er að auka áhuga á góðri hönnun lýsingar og ljós-kerja.

Ljósker er gamalt íslenskt orð og haft yfir þann hluta sem geymir ljósgjafann og dreifir ljósinu frá sér.



Í samkeppni þessari var þátttakendum frjálst að gera tillögu að ljóskeri til hvers kyns nota með ljóstvístaljósgjafa.

Veitt voru þrenn verðlaun 1. verðlaun 600.000 kr., 2. verðlaun 250.000 kr. og 3. verðlaun 150.000 kr.

Einnig voru veittar sjö viðurkenningar fyrir m.a. frumleika, útlit og gæði lýsingar.

Í dómnefnd voru: Jón Stefán Einarsson arkitekt (Ljóstækknifélag Íslands) formaður, Halla Kristjánsdóttir grafískur hönnuður, trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppninnar, Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður (Ljóstækknifélag Íslands), Kolbeinn Bjarnason (Orkuveita Reykjavíkur), Halldór S. Steinsen lýsingarhönnuður og Ingi björg Hanna Bjarnadóttir vöruhönnuður.

Daði Ágústsson var verkefnisstjóri samkeppninar.

Yfir 250 manns sóttu gögn en tillögur komu frá 35 manns.

Sigurvegarar:



Kristján Sigurðsson hlaut fyrstu verðlaun í vöruþróunarverkefni þar sem notaðir eru ljóstvistar.

Í umsögn dómnefndar segir: „Þessi lampi hefur allt til að bera sem prýða skal vinningslampa. Hann er ætlaður almenningi, er frumlegur og fallega hannaður. Hann tekur sérstakt tillit til ljósgjafa og nýtir eiginleika ljóstvista í hönnun sinni. Lampinn gefur möguleika á fjölbreytni í stærð og lögun og á þannig viss samskipti við eiganda. Mjög góðar líkur eru á að markaður finnist fyrir þennan lamp. Tillagan er framsett

á skýran og faglegan hátt.“

Sturla Jónsson og Þorgeir Jónsson urðu í öðru sæti með götulampa. Þessi lampi hefur skýrt hlutverk sem er jákvætt. Lampinn er sérstaklega hannaður til nýtingar ljóstvista í götulýsingu. Megináhersla við hönnun er lögð á lausn þeirra vandamála sem fylgja nýtingu ljóstvista í götulýsingu og hefur hönnuður góðar hugmyndir. Það er markaður fyrir þessa vöru. Framsetning er ágæt.



Einar Þór Halldórsson varð í því þriðja með kafaraljós. Lampinn höfðar til ákveðins markhóps sem eru kafarar. Hönnun er fín með áherslu á notagildi. Markmiðið er greinilega að lampinn nýtist vel og dugi í þeim aðstæðum sem hann er hannaður fyrir. Lampinn nýtir möguleika ljósgjafans ágætlega með notkun ljóstvista á plötu til að auka ljósstyrk. Lampinn er í raun tilbúinn til framleiðslu. Framsetning tillögu er mjög góð.



Sýning á innsendum tillögum var opnuð í anddyri höfuðstöðva OR 26. febrúar og stendur út maí. Grunnskólabörnum er boðið á sýninguna undir leiðsögn. Síðast þegar slíkt var gert komu yfir 10 þúsund börn.


Útgáfa

Rit um lýsingu á vinnustöðum utanhúss

Rit um lýsingu á vinnustöðum utanhúss kom út í apríl 2009 í samstarfi við Vinnueftirlitið. Lengi hefur verið beðið eftir þessu riti sem er framhald af ritinu Ljós og Rými um innanhússlýsingu. Ritið byggir á Evrópustaðlinum prEN 12464-2-2002 sem félagið hefur látið þýða með leyfi Staðla-ráðs. Heiðursfélagar okkar Aðalsteinn og Egill Skúli hafa unnið að þýðingu og uppröðun á efni í samstarfi við Víði Kristjánsson hjá Vinnueftirlitinu.

Stuðst er við norska ritið „Luxtabell og planlegningskriterier for belysning av utendørs arbeidplasser“ og þýska ritið „Arbeitsplätze im Freien, licht.wissen 13“ ásamt því að valdir kaflar úr Ljós og Rými eru notaðir. Þetta rit kemur að góðum notum við lýsingu á vinnustöðum utanhúss.

Fyrirhugað er námskeið fyrir verktaka á haustdögum.



Neyðarlýsing

Vinna við endurskoðun rits um neyðarlýsingu er langt komin. Ritið var gefið út 2004 og hefur komið að góðum notum og staðist tímans tönn vel. Nú er það nær uppselt og því var ráðist í að endurskoða það í samvinnu við Brunamálstofnun. Miklar framfarir hafa orðið á þessum árum og ber þar hæst sjálflýsandi leiðbeiningar og notkun ljóstvista. Endurskoðunin hefur tafist og er vonast til að vinnu ljúki á allra næstu vikum. Í framhaldi verða haldin námskeið með sama fyrirkomulagi og 2004. Þátttakendur taka próf og fá réttindi frá Brunamálstofnun.

Heimasíðan

Heimasíða félagsins www.ljosfelag.is er góður vettvangur fyrir kynningu á starfi félagsins en alls voru um 11.986 innlit á síðuna árið 2009 sem er um tvöföldun frá



fyrri ári. Sem dæmi þá var bæklingurinn Góð lýsing á heimilinu sóttur 704 sinnum á árinu.

Ný heimasíða mun fara í loftið í lok mánaðarins. Með henni er félagakerfið lagt á netið og uppfært þar og verður öll aðgangsstýring betri og mun auðvelda uppfærslu hennar. Guðni Gíslason hefur unnið við uppsetningu á nýju síðunni í samstarfi við fyrirtækið Miðnet og er unnið í fríu vefumsjónarkerfi sem mun spara félaginu mánaðargjöld.

Menntunarmál

Iðnskólinn í Reykjavík, nú Tækniskólinn, hóf kennslu í ljóstækni í fjarnámi haustið 2006.

Námið er fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína á ljósi og lýsingu. Fræðst er um samspil lita og ljóss, notagildi lýsingar, áhrifamátt hennar og upplifun og túlkun skilaboða.

Námið er á háskólastigi, tekur tvö ár og gefur 60 ECTS einingar. Inntökuskilyrði almenn raunfærni.

Námið skiptist í tvö stig

Lýsingarfræði sem er 30 eininga (ECTS) fræðilegt nám fyrir fólk sem lokið hefur framhaldsskólanámi. Að námi loknu geta nemendur haldið áfram námi og lokið námi í lýsingarhönnun. Sú almenna regla gildir, að einstök námskeið eru opin öllum þeim sem vilja dýpka sérþekkingu sína á tilteknum sviðum ljóstækni enda hafi þeir nægilega gott grunnám til að hefja nám í lýsingarfræði.

Lýsingarhönnun sem er 30 ECTS stig.

Nánari upplýsingar um námið má finna á heimasíðu félagsins www.ljosfelag.is og á heimsíðu Tækniskólans www.tskoli.is undir Endurmenntunarskólinn eða hjá helgib@ir.is

Erlent samstarf

Nordlys

Formaður sótti einn Nordlys stjórnarfund á starfsárinu, í nóv. 2009 í Kaupmannahöfn. Aðrir stjórnarfundir voru ekki sóttir vegna mikils kostnaðar. Stjórnarfundir Nordlys hafa ekki verið haldnir á Íslandi nema í tengslum við Nordlys ráðstefnu sem hér var haldin.

Félagar eru hvattir til að kynna sér starfsemi félaganna á heimsíðum þeirra sem finna má á vefborgi heimasíðu okkar, www.ljosfelag.is

Félögin eru með sameiginlega heimasíðu, www.nordlys.nu

Bók um norræna lýsingarhönnun

Norrænu félögin hafa ákveðið að gefa út vandaða bók um norræna lýsingarhönnun. Nú er vinna farin af stað í leit að áhugaverðum verkum sem verða mynduð. Áætlað er að bókin komi út árið 2011.

Norrænu lýsingarverðlaunin 2009

Norrænu lýsingarverðlaunin 2009 verða afhent á Nordlys ráðstefnunni NordLED 2010 í Kaupmannahöfn í haust. Kallað er eftir tillögum frá Íslandi til að vera framlag Íslendinga. Hægt er að tilnefna tvö verk.

NordLED 2010

LED-konference 11.-12. nóvember 2010 í Kaupmannahöfn.

Dansk Center í samvinnu við norrænu félögin skipuleggur alþjóðlega ráðstefnu LED konference.

Þróun í notkun LED innanhús og utan hefur tekið miklum framförum. En hversu góðir eru LED eiginlega? Endingartími? og hvenær er hagkvæmt að fjárfesta í þessari nýju tækni. Þessum spurningum verður reynt að svara á ráðstefnunni.

Ráðstefnunni er skipt í:

LED innandyr, LED utandyra, LED tæknin, staðlar og rannsóknir.

Einnig verður boðið upp á vinnuhópa, sýningu og ferðir til að skoða LED verkefni í Kaupmannahöfn. Norrænu lýsingarverðlaunin verða veitt.

Kallað er eftir erindum. Tillögum ber að skila fyrir 15. maí nk. til Michael Raunkjær, mr@centerforlys.dk. Meira er hægt að lesa um ráðstefnuna á www.nordled.dk

LuxEuropa

Þing LuxEuropa var haldið í Istanbul Tyrklandi 9.-11. september. LFÍ var ekki með erindi að þessu sinni.

Vegna mikils kostnaðar var ákveðið að sækja ekki ráðstefnuna. Einn félagi sótti ráðstefnuna, Ásta Logadóttir. Félögum er bent á að skoða erindin á www.luxeruopa2009.org.tr

Lokaorð formanns

Þegar maður skoðar liðna tíð og horfir til framtíðar þá hef ég verið formaður í LFÍ 8. ár. Þetta mun vera lengsta seta fyrir utan Steingrím Jónsson og Aðalstein Guðjohnsen. Þessi ár hafa verið afskaplega gjöful og ánægjuleg.

Mér finnst tími til kominn að annar formaður taki við. Ég hef víða komið við í félagsmálum og er þeirrar skoðunar að of löng seta í formannsstóli sé ekki til góðs.

Með nýjum formanni koma nýjar hugmyndir og aukinn kraftur. Ég gef því ekki kost á mér til formanns á aðalfundi 2010.

Ég vil þakka stjórnarmönnum og öllum þeim sem veitt hafa mér stuðning í þessu starfi.

Daði Ágústsson, formaður LFÍ



Félagatal Ljóstæknifélags Íslands

8. mars 2010

Heiðursfélagar

Aðalsteinn Guðjohnsen	Reykjavík
Egill Skúli Ingibergsson	Reykjavík

Fyrirtæki og stofnanir

Arkís ehf.	Reykjavík
Batterið ehf.	Hafnarfjörður
Brunamálstofnun rafmagnsöryggissviðs	Reykjavík
Dengsi ehf.	Reykjavík
Efla verkfræðistofa	Reykjavík
Epál	Reykjavík
Extón ehf.	Reykjavík
Fálkinn hf.	Reykjavík
Félag húsgagna- og innanhússarkitekta	Reykjavík
Félag íslenskra rafvirkja	Reykjavík
GH ljós ehf.	Garðabær
HS veitur ehf.	Njarðvík
Ískraft - Húsasmiðjan deild 38	Kópavogur
Johan Rönnung hf.	Reykjavík
Jóhann Ólafsson & Co. ehf. -FV	Reykjavík
Landsvirkjun	Reykjavík
Ljósín í bænum (Ljós & orka ehf.)	Reykjavík
Lúmex ehf.	Reykjavík
Mannvit hf. - verkfræðistofa	Reykjavík
Norðurorka	Akureyri
Orkubú Vestfjarða	Ísafjörður
Orkustofnun	Reykjavík
Orkuveita Reykjavíkur	Reykjavík
Ó. Johnson & Kaaber ehf.	Reykjavík
Pfaff hf.	Reykjavík
Raftákn ehf.	Akureyri
RARIK ehf.	Reykjavík
Reykjafell hf.	Reykjavík
S. Guðjónsson hf.	Kópavogur
Samorka	Reykjavík
Sjónstöð Íslands	Reykjavík
Smith & Norland hf.	Reykjavík
Tækniskólinn	Reykjavík
Verkfræðist. Jóhanns Indriðasonar ehf.	Reykjavík
Verkís ehf.	Reykjavík
Vinnuettirlit ríkisins	Reykjavík
VSÍ verkfræðistofa ehf.	Hafnarfjörður

Einstaklingar

Aðalgeir Hallgrímsson	Akureyri
Aðalgeir Pálsson	Akureyri
Albert Eðvaldsson	Njarðvík
Alfreð Sturla Böðvarsson	Reykjavík
Andrés Ingi Magnússon	Garðabær
Anna Helga Einarasdóttir	Kópavogur
Auðunn Karlsson	Hafnarfjörður
Auðunn Oddsson	Hafnarfjörður
Auður Valdimarsdóttir	Sauðárkrókur
Ágúst Gunnlaugsson	Reykjavík
Ágúst Hilmarsson	Hafnarfjörður
Árni Grétar Árnason	Akureyri
Árni Ragnarsson	Sauðárkrókur
Ásbjörn Gíslason	Akureyri

Ásbjörn R. Jóhannesson	Mosfellsbær
Ásgeir Helgason	Kópavogur
Ásgrímur Jónasson	Kópavogur
Baldur Gíslason	Reykjavík
Benedikt Snorrason	Eskifjörður
Benedikt Þór Axelsson	Reykjavík
Benjamín G. Magnússon	Kópavogur
Bergur Jónsson	Reykjavík
Bergur Már Hallgrímsson	Egilsstaðir
Birgir Einarsson	Hafnarfjörður
Birgir Örn Tómasson	Akureyri
Bjarki Franzson	Reykjavík
Bjarni Þór Jakobsson	Höfn í Hornafirði
Björn Herbert Guðbjörnsson	Keflavík
Björn Þorgeirsson	Hafnarfjörður
Bæring Jóhann Björgvinsson	Reykjavík
Daði S. Ágústsson	Reykjavík
Daníel V. Elíasson	Reykjavík
Darío Nunez Salazar	Reykjavík
Davíð Eysteinn Sölvason	Seltjarnarnes
Davíð Logi Dungal	Reykjavík
Einar Ársæll Sumarliðason	Selfoss
Einar Friðrik Malmquist	Akureyri
Einar Grétar Þórðarson	Seltjarnarnes
Einar Jón Pálsson	Garður
Einar Júlíus Óskarsson	Reykjavík
Einar Matthíasson	Reykjavík
Einar Sigurðsson	Reykjavík
Einar Sveinn Magnússon	Mosfellsbær
Eiríkur Rósberg Arelíusson	Hafnarfjörður
Elís Jónsson	Hafnarfjörður
Ellert Már Jónsson	Reykjavík
Erla Bryndís Kristjánsdóttir	Ísafjörður
Evert Stefán Jensson	Hafnarfjörður
Ferdinand Alfreðsson	Reykjavík
Finnur Bessi Sigurðsson	Akureyri
Fjalarr Gíslason	Reykjavík
G. Sævar Jónsson	Hafnarfjörður
Garðar Lárusson	Reykjavík
Garðar Sigurbjörn Garðarsson	Reykjavík
Gerður Thoroddsen	Reykjavík
Grétar Felix Felixson	Kópavogur
Guðjón Guðnason	Hafnarfjörður
Guðjón L. Sigurðsson	Reykjavík
Guðjón M. Jónsson	Reykjavík
Guðmundur Arnar Birgisson	Reykjavík
Guðmundur Helgi Pálsson	Reykjavík
Guðmundur S. Jónsson	Akranes
Guðmundur Viggósson	Reykjavík
Guðni Gíslason	Hafnarfjörður
Guðni Lárusson	Reykjanesbær
Gunnlaugur Magnússon	Ólafsfjörður
Halldór Hjálmarsson	Hafnarfjörður
Halldór St. Steinsen	Mosfellsbær
Hannes Siggason	Kópavogur
Haukur Hauksson	Reykjavík
Haukur Pálmason	Reykjavík
Heimir Jónasson	Álftanes
Helga Baldursdóttir	Garðabær
Helgi Már Hannesson	Hafnarfjörður
Helgi Rafnsson	Hafnarfjörður
Helgi Reimarsson	Kópavogur

Hersir Oddsson	Reykjavík
Hilmar Jónsson	Hafnarfjörður
Hjörleifur Stefánsson	Reykjanesbær
Hlíf Böðvarsdóttir	Reykjavík
Hreinn Jónasson	Reykjavík
Hörður Halldórsson	Kópavogur
Ingólfur Arnarson	Hafnarfjörður
Ingólfur Bárðarson	Reykjanesbær
Ingvi Á. Hjörleifsson	Reykjavík
Ingvi Þór Björnsson	Akureyri
Jakob Emil Lindal	Kópavogur
Jens Þórisson	Hafnarfjörður
Jóhann Lúðvík Haraldsson	Hafnarfjörður
Jóhannes Arnar Ragnarsson	Reykjavík
Jón Hilmar Jónsson	Seyðisfjörður
Jón Otti Sigurðsson	Garðabær
Jón Sturla Ásmundsson	Reykjavík
Jón Viðar Óskarsson	Reykjavík
Jónas Friðgeirsson	Seltjarnarnes
Katrín Elíasdóttir	Seltjarnarnes
Kjartan Óskarsson	Garðabær
Kolbeinn Bjarnason	Reykjavík
Kristján Guðmundsson	Akranes
Kristján Gunnar Kristjánsson	Reykjavík
Kristján Sveinbjörnsson	Álftanes
Lárus Einarsson	Hvolsvöllur
Leifur Ragnar Magnússon	Reykjavík
Magnús Einarsson	Álftanes
Magnús Kristbergsson	Reykjavík
Magnús Siguroddsson	Reykjavík
Magnús Sædal Svavarsson	Reykjavík
Marteinn Huntingdon-Williams	Hafnarfjörður
Matthías Ólafsson	Garðabær
Oddgeir Már Sveinsson	Hveragerði
Olgeir Helgason	Reykjavík
Óðinn Vignir Jónasson	Kópavogur
Ófeigur Sigurður Sigurðsson	Reykjavík
Ólafur Grétar Guðmundsson	Reykjavík
Ólafur Jón Sigurðsson	Reykjavík
Ólafur Jónsson	Akureyri
Ólafur Marel Kjartansson	Seltjarnarnes
Ólafur Sigmundsson	Reykjavík
Ólafur Stephensen Björnsson	Kópavogur
Ómar Ingi Eggertsson	Reyðarfjörður
Óskar Hraundal Tryggvason	Reykjavík
Óskar Jónsson	Reykjanesbær
Óskar Smári Haraldsson	Reykjavík
Óskar Þorsteinsson	Kópavogur
Óskar Ögri Birgisson	Hafnarfjörður
Pétur Karl Sigurbjörnsson	Kópavogur
Pétur Ólafur Hermannsson	Reykjavík
Ragnar Daniel Stefánsson	Hafnarfjörður
Ragnar Martensson Lövdahl	Kópavogur
Ragnar Þórarinn Bárðarson	Hafnarfjörður
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir	Grindavík
Runólfur Bjarnason	Hafnarfjörður
Sigríður Sigurðardóttir	Akureyri
Sigurður Anton Ólafsson	Reykjavík
Sigurður Breiðfjörð Jónsson	Reykjavík
Sigurður G. Símonarson	Reykjavík
Sigurður Haukur Magnússon	Reykjavík
Sigurður Ingi Ragnarsson	Sauðárkrúkur
Sigurður Ingimarsson	Kópavogur
Sigurður Sigurðarson	Reykjavík
Sigurður Strange	Reykjavík
Sigurþór Aðalsteinsson	Hafnarfjörður
Sigurþór Guðmundsson	Stykkishólmur
Sindri Viborg	Reykjavík

Símon R. Unndórsson	Reykjavík
Skúli H. Norðdahl	Reykjavík
Snorri Ingimarsson	Reykjavík
Snorri Sturluson	Hafnarfjörður
Snæbjörn Þór Ingvarsson	Hafnarfjörður
Stefán Agnar Hjörleifsson	Reykjanesbær
Stefán Harðarson	Reykjavík
Sturla Már Jónsson	Seltjarnarnes
Svanbjörn Einarsson	Kópavogur
Svanborg Hilmarsdóttir	Reykjavík
Sverrir Guðmundsson	Reykjavík
Sævar Óskarsson	Ísafjörður
Thomas Kjartan Kaaber	Garðabær
Tómas Björn Ólafsson	Kópavogur
Tómas Sæmundsson	Akureyri
Trausti Sveinbjörnsson	Hafnarfjörður
Valgerður Hrunn Skúladóttir	Reykjavík
Valur Benediktsson	Akureyri
Vignir Bjarnason	Reykjavík
Vilhjálmur Magnús Vilhjálmsson	Hafnarfjörður
Viðir Kristjánsson	Kópavogur
Zophanías Þorkell Sigurðsson	Garðabær
Þorleifur Thorlacius Finnsson	Kópavogur
Þorsteinn Geirharðsson	Reykjavík
Þorsteinn Sigurjónsson	Garðabær
Þorsteinn Sveinsson	Reykjavík
Þorvaldur Finnbogason	Reykjavík
Þór Stefánsson	Selfoss
Þórarinn Stefánsson	Reykjavík
Þórdís Rós Harðardóttir	Reykjavík
Þórdís Zoëga	Reykjavík
Þórður Guðmundsson	Garðabær
Þórður Haukur Ásgeirsson	Blönduós
Þórhallur Halldórsson	Reykjavík
Þórir Þórisson	Reykjavík
Ögmundur Kristgeirsson	Kópavogur
Ögmundur Þór Jóhannesson	Kópavogur
Örlygur Jónasson	Selfoss
Örn Guðmundsson	Hafnarfjörður
Örn Jónsson	Reykjavík
Örvar Ármannsson	Kópavogur
Örvar Ásmundsson	Reykjanesbær

Nemendur í ljóstækni

Ágúst Guðmundsson	Kópavogur
Ásgeir Örn Ásgeirsson	Reykjavík
Ásta Logadóttir	København S, Danmörk
Birna Dís Ólafsdóttir	Reykjavík
Davíð Hafsteinsson	Akureyri
Eiríkur Hansen	Höfn
Embla Sigurgeirsdóttir	Seltjarnarnes
Erling Þorgrímsson	Reykjavík
Eva Björk Óskarsdóttir-Obermayer	Breitenfurt
Guðmundur Bjarnason	Selfoss
Hannes Snæbjörn Sigurjónsson	Reykjavík
Hlynur Örn Björgvinsson	Søborg, København
Ingibjörg Bergmann Magnúsdóttir	Reykjanesbær
Júlía Björk Þórðardóttir	Akureyri
Karl Kristinn Þórhallsson	Reykjanesbær
Kári Ásgrímsson	Reykjavík
Linda Einarsdóttir	Vogar
María Björk Stefánsdóttir	Reykjavík
Ólafur Ágúst Jensson	Reykjavík
Steinunn Jónsdóttir	Reykjavík
Steinunn Lindbergsdóttir	Reykjavík
Þorvaldur Steinþórsson	Reykjavík

Árskýrsla LFÍ 2009-2010

